

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

- a) Á eftir orðinu „Merkingar“ í fyrirsögn kemur: snyrtivara.
- b) 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Notkunaraskilyrði og varnarorð skv. dálki i í III., V. og VI. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 skulu vera á íslensku.

2. gr.

Á eftir 3. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, 3. gr. a., er orðast svo:

Merkingar úðabrúsa sem innihalda snyrtivörur.

Merkingar á úðabrúsum sem innihalda snyrtivörur skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Merkingar skulu vera áletraðar á úðabrúsa þar sem eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram með skýrum, læsilegum og óafmáanlegum stöfum:

- a. Allar tegundir innihalds:
 - *Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun. Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar. Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.*
- b. Úðabrúsi með eldfimum efnum, 1. undirflokkur:
 - *Úðabrúsi með afar eldfimum efnum. Má ekki úða á opinn eld eða annan íkveikjuvald.*
 - Hættumerkið GHS02 eins og það kemur fyrir í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sem innleidd er með reglugerð nr. 415/2014.
- c. Úðabrúsi með eldfimum efnum, 2. undirflokkur:
 - *Úðabrúsi með eldfimum efnum. Má ekki úða á opinn eld eða annan íkveikjuvald.*
 - Hættumerkið GHS02 eins og það kemur fyrir í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sem innleidd er með reglugerð nr. 415/2014.

Um úðabrúsa gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 260/2012 um úðabrúsa.

3. gr.

Í stað „XIV.“ í 6. gr. kemur: XIII. og XIV.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. tölul. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013 og öðlast gildi 1. júní 2015.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 18. maí 2015.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.